



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

*Skuggasundi i 1
150 Reykjavík*

Reykholti, 5. september 2018
1809001 AS

Efni: Athugasemdi við drög að frumvarpi um Þjóðgarðastofnun

Með tölvuskeyti dags. 27. júlí 2018 var vakin athygli á því að drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun væru til umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins og að frestur til að skila athugasemdum væri gefinn til 5. september.

Eftirfarandi eru athugasemdir Bláskógabyggðar:

Bláskógabyggð gerir athugasemdir við þær takmarkanir á skipulagsvaldi sveitarfélaga sem felast í frumvarpsdrögum.

Er t.a.m. gerð athugasemd við ákvæði 4. gr. frumvarpsdraganna þar sem tiltekið er að haft skuli samráð við viðkomandi sveitarstjórn áður en landsvæði í sveitarfélaginu er friðlýst sem þjóðgarður. Ekki er að finna í ákvæðinu sjálfu, né í almennum athugasemdum við frumvarpið, eða í athugasemdum um 4. gr. frumvarpsdraganna, neina nánari útlistun á því hvernig samráðinu skuli háttað og verður að telja það verulegan galla á ákvæðinu. Bláskógabyggð telur að auki nauðsynlegt að samþykki sveitarstjórnar liggir fyrir áður en land er friðlýst sem þjóðgarður og er það í samræmi við tillögur starfshópsins sem vann upphafleg frumvarpsdrög. Af hálfu Bláskógabyggðar er þess farið á leit að ákvæðinu verði breytt á þann veg að samþykki sveitarstjórnar verði áskilið fyrir friðlýsingu lands sem þjóðgarðs.

Að sama skapi er kveðið á um það í 6. til 8. gr. frumvarpsdraganna að ráðherra geti með reglugerð ákveðið stækkun þjóðgarða. Í 6. gr. er sérstaklega fjallað um þjóðgarðinn á Þingvöllum, sem er innan marka Bláskógabyggðar. Ekki er tiltekið í 6. gr. að samráð við sveitarfélagið sé hluti af málsmeðferð ráðherra og því allsendis óvíst að stækkun þjóðgarðsins kæmi á borð sveitarfélagsins. Á sama hátt og varðandi stofnun nýrra þjóðgarða skv. 4. gr. telur Bláskógabyggð að samþykki sveitarfélaga ætti að vera áskilið fyrir stækkun þjóðgarða. Er m.a. horft til þess að í ummælum um 6. gr. í greinargerð með frumvarpsdrögum er gerð grein fyrir því að um verulega stækkun þjóðgarðsins gæti verið að ræða sem væri ekki takmörkuð við nánasta nágrenni Þingvalla við Öxará. Slík ákvörðun er þess eðlis að nauðsynlegt er að leggja samþykki sveitarfélagsins til grundvallar. Einnig er gerð athugasemd við það að nái svæðið eftir stækkun til fleiri sveitarfélaga en áður yrðu viðkomandi sveitarstjórnir að koma sér saman um fulltrúa í stjórn. Af hálfu Bláskógabyggðar er það ekki talið ásættanlegt að til þess gæti komið að sveitarfélagið ætti ekki fulltrúa í stjórn stækkaðs þjóðgarðs. Gæti þetta fyrirkomulag leitt til þess að sveitarfélög ættu ekki aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlana þjóðgarða innan sinna marka nema í gegnum almennan athugasemdarétt almennings og hagsmunaaðila skv. 28. gr. og getur það ekki talist fullnægjandi.



Í ákvæði 29. gr. er kveðið á um að sveitarstjórnir verði bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlana við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs. Sérregla gildir um Þingvelli. Í ljósi þeirrar takmörkuðu og óljósu aðkomu sveitarstjórna sem gert er ráð fyrir í 4. gr. vegna stofnunar þjóðgarða og í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir neinni aðkomu sveitarfélaga að ákvörðun ráðherra um stækkun þjóðgarða skv. 6. til 8. gr. gerir Bláskógabyggð alvarlegar athugasemdir við þetta ákvæði. Í ákvæðinu felst takmörkun á skipulagsvaldi sveitarfélaga, ekki síst í því ljósi sem bent er á að framan varðandi þau tilvik sem sveitarfélög eiga ekki fulltrúa í stjórn þjóðgarðs og þar með ekki aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlana. Þá er bent á að sú staða kann að koma upp að fulltrúi sveitarfélags lendi í minnihluta varðandi einhverja ákvörðun sem tekin er innan stjórnar eða svæðisráðs og hefur áhrif á skipulag innan marka þess sveitarfélags sem viðkomandi fulltrúi starfar fyrir. Þessa stöðu telur Bláskógabyggð óásættanlega og styðji það enn frekar að samþykki sveitarfélags verði áskilið varðandi ákvarðanir sem hafa áhrif á skipulagsvald sveitarfélaga, svo sem stjórnunar- og verndaráætlanir.

Af hálfu Bláskógabyggðar er lögð áhersla á að frumvarpsdrögin verði tekin til endurskoðunar áður en þau verða lögð fram sem frumvarp frá Alþingi. Einkum og sér í lagi verði horft til þess að samþykki sveitarfélaga verði áskilið fyrir stofnun og stækkun þjóðgarða og ákvörðunum sem varða skerðingu á skipulagsvaldi þeirra, svo sem stjórnunar- og verndaráætlunum. Þá er áréttað að aðkoma sveitarfélaga að stjórnun þjóðgarða verði tryggð á öllum stigum og í öllum tilfellum.

Virðingarfyllst,

Ásta Stefánsdóttir
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar